

Færa skal gerðabók stjórnarfundar og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð 28 í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið 19. marz samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimitauga og umbúnað í húsum, annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og sé að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

29

19. marz

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 26. júní 1960.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 995 meðmælendur, en mest 2000.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 150 meðmælendur, en mest 295.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 245 meðmælendur, en mest 490.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 110 meðmælendur, en mest 215.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12, febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 19. marz 1960.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius